

**Nd.**

#### **54. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Flutningsm.: Sig. Eggerz, Bernharð Stefánsson, Bjarni Ásgeirsson, Hákon Kristófersson, Hjeðinn Valdimarsson, Jón Ólafsson.

##### **1. gr.**

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur. Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónur.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

##### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1930.

##### **3. gr.**

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 76, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

#### **Greinargerð.**

Á 3. undanfórnum þingum hafa legið fyrir frumvörp um launabót yfirsetukvenna. Frumvörp þessi urðu að visu ekki að lögum, en höfðu þó allmikið fylgi í þinginu. Þetta mál er nú enn á ný borið fram, svo að Alþingi gefist kostur á að ráða bót á því misrjetti, sem hefir átt sjer stað á launakjörum yfirsetukvenna í samanburði við launakjör annara starfsmanna ríkisins.